

# Áfrýjunardómstóll Íþróttá- og ólympíusambands Íslands

Dómur 4. nóvember 2021

Mál nr. 2/2021

**Skautafélag Reykjavíkur, íshökkídeild**

**gegn**

**Skautafélagi Akureyrar, íshökkídeild**

## Dómur

Mál þetta barst áfrýjunardómstól Íþróttá- og ólympíusambands Íslands (hér eftir nefnt ÍSÍ) með áfrýjun hinn 21. október síðastliðinn. Með henni var úrskurði dómstóls ÍSÍ frá 15. sama mánaðar í máli nr. 7/2021 þar sem umræddu máli var vísað frá dómi. Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir dómstól ÍSÍ að taka það til efnislegrar meðferðar. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 28. október síðastliðinn. Um kröfugerð aðila fyrir dómstól ÍSÍ og málavexti vísast nánar til hins áfrýjaða úrskurðar.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er rakið að málsaðilar séu aðildarfélag Íshökkísambands Íslands (hér eftir einnig nefnt ÍHÍ) sem er eitt sérsambanda ÍSÍ. Í 1. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 5 segir að með öll ágreiningsmál innan íshökkíþróttarinnar skuli fara samkvæmt 4. kafla laga ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

Íshökkísamband Íslands hefur jafnframt sett sér reglugerð nr. 8 um sérstaka aganefnd sem samþykkt var á Íshökkíþingi 2019. Aganefndin hefur það hlutverk, sbr. 2. gr. að úrskurða um agabrot, óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna, félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum mótum sem fram fara á vegum ÍHÍ. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leiki, í leikhléi eða eftir að leik lýkur.

Aganefnd byggir úrskurð sinn á leik- og atvikaskýrslum viðkomandi leiks, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd fara eftir lögum og reglugerðum ÍHÍ, dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum alþjóðasambanda sem ÍHÍ er aðili að, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar. Við ákvörðun aganefndarinnar skal alla jafna miða við alvarleika brotsins og afleiðingar þess, hverjar séu afleiðingar brotsins bæði fyrir þá aðila sem eiga í hlut og hreyfinguna í heild, sbr. 12. gr. Í ákvæðinu er síðan rakið frekar hvaða afleiðingar ítrekanir brota hafi. Verði félag, leikmenn eða aðrir forráðamenn uppvisir að einelti eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt er aganefnd heimilt að beita viðkomandi félag sektarákvæðum og öðrum þeim aðgerðum sem henta þykja til þess að uppræta viðkomandi hegðun, sbr. 18. gr. reglugerðarinnar.

Það fyrirkomulag að skipa nefnd, eins og aganefnd ÍHÍ, til að fara með afmörkuð verkefni og fullnaðarúrskurðarvald um einstök málefni felur ekki í sér að farið sé á svig við lög og reglur um dómstólaskipan innan íþróttahreyfingarinnar. Slíkt fyrirkomulag er ekki bundið við ÍHÍ eða íþróttahreyfinguna yfirleitt heldur er alþekkt að ýmsar stjórnáslunefndir fari með ákveðið úrskurðarvald

í tilteknum málaflokkum milli einstaklinga og stjórnvalda, án þess að það feli í sér brot á þrískiptingu ríkisvaldsins og valdsviði dómstóla. Þetta fyrirkomulag getur byggst á ákveðnum málefnalegum sjónarmiðum, leitt til aukinnar skilvirkni og auðveldað að nýta krafta sérfræðinga á tilteknu sviði. Þótt ekki sé unnt að áfrýja úrskurðum slíkra nefnda breytir það því ekki að dómstólar og í þessu tilviki dómstóll ÍSÍ getur ógilt ákvarðanir aganefndar, ef þeim er verulega áfátt að formi eða efni. Það er hins vegar ekki á færi dómstóla ÍSÍ að taka nýjar ákvarðanir um málefni sem aganefnd hefur verið falið samkvæmt lögum í stað ákvörðunar sem ógiltar kunna að verða með dómi.

Úrskurður aganefndar í umræddu máli er svohljóðandi:

*„Fyrir er tekin atvikaskýrsla úr leik SA og SR sem í leikin var þann 02.10.21, síðastliðin. Leikmaður SA varð uppvís af því að nota mjög niðrandi og óviðurkvæmileg rasísk ummæli gegn andstæðingi.*

*Öll íshokki hreyfingin á Íslandi, bæði sérsamband og aðildarfélög leggjast í sameiningu mjög ákveðið nú sem fyrr gegn hverskonar kynþáttaníð eða rasisma. Slík hegðun verður ekki liðin.*

*Úrskurður: Aganefnd ÍHÍ dæmir viðkomandi leikmann SA í þriggja leikja bann fyrir ummæli sín. Bannið er allsherjar bann. „*

Í málinu er því ekki haldið fram að einstakir fulltrúar aganefndar sem kváðu upp úrskurðinn hafi verið vanhæfir. Þá er því ekki haldið fram að nefndin hafi ekki sinnt nauðsynlegri rannsóknarskyldu sinni enda málsatvik óumdeild. Loks er ekki byggt á því að nefndin hafi farið útfyrir lagaheimildir sínar, brotið gegn jafnræðisreglu eða að öðru leyti farið gegn grundvallarreglum við málsmeðferðina.

Sá ágreiningur sem uppi er lítur að því hvort að þau viðurlög sem aganefndin ákvað hafi verið nægilega íþyngjandi í ljósi alvarleika brotsins. Ákvarðanir um þyngd refsinga, afleiðingar þeirra og sjónarmið sem búa þar að baki hafa fylgt mannlegu samfélagi á öllum tímum. Afstaða til refsinga breytist frá einum tíma til annars og skoðanir á því hvað telst hæfileg refsing eru alltaf umdeilanlegar. Það er í höndum ÍHÍ að ákveða refsheimildir í lögum og reglum, að undangenginni lýðræðislegri umræðu um þau refsisjónarmið sem eðlilegt þykir að leggja til grundvallar. Í málinu hefur komið fram að báðir málsaðilar lögðu áherslu á að aganefndin tæki á málinu og viðkomandi einstaklingur sætti ábyrgð. Forsvarsmaður stefnda hefur bent á að hann hafi jafnframt rætt við drenginn sjálfan sem viðhafði ummælin, foreldra hans og aðra iðkendur til að koma í veg fyrir að slík tilvik endurtæki sig. Nafn drengsins virðist einnig hafa birst á samfélagsmiðlum og hann bað þolandann afsökunar á ummælum sínum. Stefndi hefur jafnframt bent á að sú refsing sem hann sætti hafi verið ein sú þyngsta, ef ekki sú þyngsta, sem aganefnd hafi veitt, þrátt fyrir ungan aldur leikmannsins og að hún hafi útilokað hann frá þátttöku í 20% leikja í Íslandsmóti í meistaraflokki, 25% leikja í Íslandsmóti 18 ára og yngri og æfingabúðum fyrir ungingalandsliðið.

Almennt verður að játa aganefndum ákveðið svigrúm til þess að ákvarða refsingar innan þeirra heimilda sem þær hafa á grundvelli lögbundinna viðmiða. Í málinu er því ekki haldið fram að aganefnd ÍHÍ hafi farið út fyrir þau viðmið. Aganefnd ÍHÍ ákvað refsinguna á grundvelli þeirra heimilda sem hún hafði samkvæmt lögum. Dómstólar ÍSÍ eru ekki valdbærir til að endurskoða þær refsingar á meðan þær eru innan valdheimilda.

Krafa áfrýjanda fyrir dómstól ÍSÍ var sú að umræddur leikmaður fengi fimm leikja bann og að bannið verði allsherjarbann. Einnig var gerð sú krafa að SA, sem félag, verði dæmt til greiðslu að upphæð 200.000

krónur í sektarformi. Eins og áður hefur verið vikið að geta dómstólar ÍSÍ ógilt ákvarðanir aganefndar og þar með gert aganefnd að taka ákvörðun að nýju. Dómstólar ÍSÍ geta hins vegar ekki tekið nýjar ákvarðanir um viðurlög sem aganefnd hefur samkvæmt lögum verið falið að ákveða, í stað ákvörðunar sem ógilt hefur verið með dómi. Það var því óhjákvæmilegt að vísa kröfunni frá dómi.

Að öllu framansögðu virtu verður úrskurður Dómstóls ÍSÍ frá 15. október síðastliðnum um að vísa frá dómi kæru áfrýjanda, staðfestur.

#### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Helgi Sigurðsson (sign)

Helga Melkorka Óttarsdóttir (sign)

Hulda Árnadóttir (sign)